

Nefndasvið Alþingis
b.t. Gunnars Jakobssonar, nefndarritara
Þórshamri v/Templarasund

DACSETNING
11. desember 1998

TILVÍSUN
ými/þsk 32/98

150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 123/612
komudagur 12.12.198

Umsögn um frumvarp til laga um fjáröflun til vegagerðar, 279. mál.

Við er til bréfs yðar, dags. 7. desember 1998, þar sem fyrir hönd efnahags- og viðskiptanefndar er óskað umsagnar um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar.


Ríkisskattstjóri mun ekki gera efnislegar athugasemdir við frumvarpið í sjálfu sér og fagnar því m.a. að þungaskattur af erlendum ökutækjum verði sambærilegur skatti af innlendum ökutækjum. Ríkisskattstjóri vill þó benda á eftirtalin atriði er varðar framkvæmd laganna.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að lágmarkstími sem gefur rétt til lækkunar eða endurgreiðslu á föstu gjaldi þungaskatts verði stytur úr þrjátíu dögum í fimmtán daga og síðan hlutfallslega eftir það sbr. 5. og 6. gr. frumvarpsins. Þessi breyting varðar því bæði lækkun á föstu gjaldi ökutækja sem eru 0-4.000 kg að heildarþyngd og til ökutækja sem eru 14.000 kg að heildarþyngd og stærri. Sá munur er á þessum gjöldum, að fast gjald ökutækja sem eru 0 – 4.000 kg að þyngd er lagt á fyrirfram, þ.e. 1. janúar vegna tímabilsins 1. janúar til 30. júní og 1. júlí vegna 1. júlí til 31. desember. en fast gjald ökutækja yfir 14.000 kg er lagt á eftir á sömu gjalddögum og kílómetragjald í mælagjaldi eða 11. febrúar, 11. júní og 11. október. Fyrirgreindar breytingar skv. frumvarpinu taka annars vegar gildi 1. janúar nk. og hinsvegar 11. febrúar nk.


Skv. upplýsingum frá SKÝRR hf. er forritun vegna þessara breytinga afar flókin. Vegna verkefna SKÝRR við launabókhalð ríkisins verður ekki unnt að hefja þetta verk fyrr en eftir áramót og allsendis óvíst um að takist að ljúka því fyrir 15. janúar nk. en þá þyrfti sú breyting sem lýtur að ökutækjum 0-4.000 kg að vera tilbúin svo að álagning vegna innlagðra númera sem tekin eru út strax eftir 15. janúar nk. verði rétt.

Því er þess óskað að gildistöku 5. gr. frumvarpsins verði frestað til 1. febrúar hvað varðar fast gjald á ökutæki undir 4.000 kg.

Virðingarfyllst, f.h. ríkisskattstjóra



Jón H. Steingrímsson



Ása Ögmundsdóttir